

Íslenska bútasaumsfélagið

Icelandic Patchwork and Quilting Association

Aðalfundur Íslenska bútasaumsfélagsins 2023 var haldinn 22. apríl 2023 á Hótel Glym, Hvalfirði, kl. 17:00. Fundinn sátu 15 félagsmenn auk fundarstjóra.

Varaformaður, Ásdís Finnsdóttir, setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Ásdís stakk upp á fundarstjóra Svölu Stefánsdóttur og Sigrúnu Sveinbjörnsdóttur sem fundarritara og var það samþykkt.
2. Skýrsla stjórnar. Svala las upp skýrslu stjórnar þar sem formaður félagsins var ekki á fundinum.
3. Fundarstjóri kynnti tillögu frá stjórn félagsins til fundarins.

Á aðalfundi síðasta árs mættu 14 félagmenn til aðalfundarstarfa, nú í dag eru 16 félagsmenn. Mæting á tvo síðustu aðalfundi er rétt um hálf prósenta af félagsmönnum og óeðlilegt er að slíkur lítill minnihluti geti tekið veigamiklar ákvarðanir fyrir félagið. Í ljósi þess að aðalfundur þarf að taka erfiðar ákvarðanir varðandi framtíð félagsins ef ekki koma fram framboð til stjórnar og til formanns, þá leggur stjórn félagsins til eftirfarandi tillögu:

„Stjórn félagsins leggur til að aðalfundi verði frestað fram til 27. september 2023. Samfélagsmiðlar félagsins verða notaðir til að auglýsa eftir fólki til starfa í stjórn og í nefndir í sumar. Ef ekki fæst fólk til starfa eru líkur á að á framhaldsaðalfundi komi fram tillaga frá stjórn félagsins um slit á félaginu.“


Fundarstjóri bauð fundarmönnum að tjá sig um tillöguna. Tillaga að aðalfundi verði frestað til september n.k. var borin upp til atkvæða. Hún var samþykkt af öllum fundarmönnum. Svala lagði til að kjörin væri kjörnefnd til að finna fólk í stjórn og nefndir. Tillaga um að kjósa í kjörnefnd, borin upp og samþykkt einróma.

4. Svala Stefánsdóttir bauð sig fram í kjörnefnd, einnig Sigríður Paulsen og ætla þær að fá alla vega einn félagsmann með sér í nefndina.
5. Fundarstjóri sleit fundi kl:17:20.

Fundarritari

Sigrún Sveinbjörnsdóttir /

Hugrún Björk Hafliðadóttir



Íslenska bútasaumsfélagið

Icelandic Patchwork and Quilting Association

Framhalds aðalfundur Íslenska bútasaumsfélagsins 2023 var haldinn miðvikudaginn 6. september 2023 í salnum Sléttunni, Sléttuvegi 21-23, 103 Reykjavík kl. 20:00. Fundinn sátu 35 félagsmenn ásamt fundarstjóra.

Formaður, Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Formaður stakk upp á Örnu Björk Gunnarsdóttur sem fundarstjóra og Huguínu Björk Hafliðadóttir sem fundarritara og var það samþykkt.
2. **Skýrsla stjórnar.** Á fyrri aðalfundi félagsins í vor var skýrsla stjórnar lesin upp og því ekki gert grein fyrir henni á þessum fundi.
3. **Reikningar félagsins.** Gjaldkeri, Kristín Björk Erlendsdóttir lagði fram endurskoðaða reikninga félagsins. Guðrún Hrefna skýrði reikningana og fór yfir einstaka liði. Rekstrarárið kemur nánast á jöfnu, tap upp á tæpar 25.000.- kr. Fundarstjóri bar upp reikningana til samþykktar og voru þeir samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.
4. **Félagsgjald.** Kristín lagði fram tillögu stjórnar um óbreytt félagsgjald, 5.000.- kr. Var það samþykkt einu hljóði.
5. **Skýrslur nefnda.** Guðrún Hrefna sagði frá störfum nefnda. Hetjuteppanefndin stóð sig mjög vel og voru mörg teppi í ár. Sýningarnefnd er að störfum og undirbýr sýningu í haust. Ferðanefndin hefur verið að undirbúa ferð sem farin verður eftir mánuð. Ritnefnd er nánast eingöngu ritstjórinn eftir og auglýst er eftir fleirum í ritnefndina. Sýningarnefndin ræddi um sýninguna, þemað er jólin og verður sýningin haldin í nóvember. Ragnheiður Björnsdóttir í sýningarnefndinni kom fram með þá tillögu að hafa nýbreytni á þann veg að þeir sem eiga verk á sýningunni og vilja selja að þá ætti það vera í boði. Ákveðið hefur verið að hafa sýnikennslu á sýningunni og óskað verður eftir fólki til að sinna henni.
6. **Lagabreytingar.** Engar lagabreytingar að þessu sinni.
7. **Kosning formanns.** Ragnheiður Björnsdóttir kjörnefndarfulltrúi ræddi þá vinnu sem fram fór í nefndinni í sumar og haust. Framan að gekk ekki vel að fá fólk í framboð til stjórnar en að lokum tókst að stilla stjórninni upp. Ásdís Finnsdóttir er í framboði til formanns. Þar sem engin mótframboð komu fram á fundinum var hún kosin formaður til næstu tveggja ára.
8. **Kosning stjórnar.** Huguína Björk Hafliðadóttir, Sunna Rey Sigurjónsdóttir og Ásta Kristín Siggadóttir buðu sig fram og voru kosnar til tveggja ára og Svala Krístrún Stefánsdóttir, varaformaður var kosin til eins árs. Kristín Björk Erlendsdóttir og Margrét Teitsdóttir eiga eitt ár eftir af sínum kjörtímabilum.

Kjörtímabil stjórnarmanna:

Ásdís Finnsdóttir formaður 2023 – 2025

Svala Krístrún Stefánsdóttir varaformaður 2023 – 2024

Kristín Björk Erlendsdóttir gjaldkeri 2022 – 2024

Huguína Björk Hafliðadóttir ritari 2023 – 2025

Ásta Kristín Siggadóttir meðstjórnandi 2023 - 2025

Margrét Teitsdóttir varamaður 2022 – 2024

Sunna Rey Sigurjónsdóttir varamaður 2023 – 2025

Á undanförunum árum hefur það skolest til hvernig skiptingar eru innan stjórnarinnar. Huga þarf að því fyrir næsta aðalfund að annað hvort að samræma stjórnartíma við lögin eða að koma með breytingatillögur í samræmi við núverandi fyrirkomulag. T.d. eiga formaður og gjaldkeri en ekki ritari, eins og er núna, að vera með sama kjörtímabil.

9. **Skoðunarmenn reikninga.** Jóhanna Finnbogadóttir situr áfram sem skoðunarmaður og Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir var kosin inn í stað Svölu K. Stefánsdóttur sem kosin var varaformaður .

10. Kosning í nefndir.

Ferðanefnd:

Kristín Björk Erlendsdóttir
Jóhanna Finnbogadóttir
Olga Magnúsdóttir

Fræðslunefnd:

Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir
Sigríður Poulsen
Sunna Rey Sigurjónsdóttir
Erla Hafrún Guðjónsdóttir

Hetjuteppanefnd:

Dagbjört Guðmundsdóttir
Guðný Kjartansdóttir
Kristín Lára Magnúsdóttir

Kaffinefnd:

Kosið í hana á fyrsta fundi

Ritnefnd:

Vigdís Stefánsdóttir
Margrét Óskarsdóttir

Sýningarnefnd:

Ragnheiður Björnsdóttir
Margrét Óskarsdóttir
Sigrún Sveinbjörnsdóttir
Fanney Davíðsdóttir
Dagbjört Guðmundsdóttir

11. Önnur mál.

- a) **Framtíð félagsins.** Ragnheiður Björnsdóttir lagði fram fyrir stjórn og kjörnefnd að skipuleggja vinnu við að undirbúa framtíð félagsins. Leggur til að ein helgi verði tekin í slíka stefnumótun til að endurskipuleggja starfs félagsins. Að hennar mati ætti félagið að sinna því sem

klúbbarnir eru ekki að sjá um. Félagið væri með of marga fundi og ætti m.a. ekki að sinna saumadögum heldur frekar einbeita sér að fræðslu og öðru slíku.

- b) **Verkefnið Saumað til góðs.** Vigdís K. Stefánsdóttir kynnti verkefnið og þann hóp sem sinnir því. Um er að ræða samstarf við samtökin Ljónshjarta þar sem saumaðir eru minningarbangsar úr fötum látins ástvinar. Vigdís mun stofna sérstakan FB hóp til að sinna þessu.
 - c) **Félagsblaðið.** Ingibjörg Guðjónsdóttir lagði áherslu á að félagsblaðið væri áfram á prenti í stað rafrænnar útgáfu. Það er alls ekki það sama að blaða og skoða prentað blað og að skoða það á netinu.
12. Fundarritari las upp fundargerð síðasta fundar frá 2022.
 13. Fundarstjóri sleit fundi 20:49.

Fundarritari Huguín Björk Hafliðadóttir